

Hrekkjavaka

- ▶ Munum tveggja metra fjarlægð
- ▶ Þvóm okkur um hendurnar
- ▶ Forðumst óþarfa snertingu



Hugmyndir á farsóttartímum

Búningar

Nú er tíminn fyrir grímur! Þrátt fyrir að hrekkjavakan verði með öðru sniði í ár má klæða sig upp og gera sér glaðan dag í hverfinu.

Skraut

Skreytum glugga og hús og endurvekjum jafnvel bangsaleikinn með því að pota vel völdum hrekkjavökukarakterum í gluggana. Það er vel hægt að skoða hús og glugga þótt við bönkum ekki upp á til að fá sælgæti.

Ratleikur

Hægt er að fara í ratleik eða fjársjóðsleit og láta krakkana fá lista yfir hluti til að finna. Til dæmis hauskúpu, grasker, draug, legstein og bangsa.

Nammi

Eftir göngutúrinn eða að leik loknum fara litlu ófreskjurnar heim og fá sælgæti að launum. Tilvalið að hafa hryllilegt kósíkvöld.

Deila

Hægt er að deila gleðinni með myndum og myndskleiðum í hópum á samfélagsmiðlum, t.d. bekkjarhópnum eða hverfasíðum.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra